

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.

11. fundur, 6. mars 2023, fundargerð.

Mánudaginn 6. mars 2023 var haldinn 11. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hefst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn voru boðaðir á fundinn, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Svanur Karl Grjetarsson. Ingibjörg tilkynnti forföll. Eftirtaldir starfsmenn voru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Skipulagsmál

Engin skipulagsmál eru til afgreiðslu.

2. Fundargerðir

2.1. Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 22. febrúar 2023. Í fundargerðinni er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu og m.a. fjallað um úrskurð Umhverfisstofnunnar á leyfi til rannsóknarborunnar innan Bláfjallafólkvangs.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd tekur undir bókun framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins um að ítrustu varúðar skuli gætt við allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu.

3. Önnur mál

3.1. Aðgerðaráætlun vegna loftgæða

Lögð fram að nýju endurskoðuð aðgerðaráætlun fyrir skammtímaráðstafanir til að tryggja ásættanleg loftgæði á starfssvæði heilbrigðisnefndar. Þáttur í aðgerðaráætluninni er að starfrækja viðbragðsteymi með fulltrúum framkvæmdsviðum bæjarfélaganna.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd samþykkir aðgerðaráætlunina.

3.2. Olíumengun frá bensínstöð Costco

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi mengunarslys frá bensínstöð Costco við Kaupþún. Samkvæmt upplýsingum úr birgðabókhaldi fyrirtækisins fóru um 112 þúsund lítrar af díselolíu í fráveitu Hafnarfjarðarbæjar á tímabilinu 15. desember til 30. desember.



Heilbrigðiseftirlitið tilkynnti Umhverfisstofnun um atvik málsins í samræmi við lög um umhverfisábyrgð og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í samráði við Umhverfisstofnun var ákveðið að taka botnsýni þar sem útrás fráveitunnar fer í sjó, um það bil 2 km út frá Hraunavík. Þá hafa verið gengnar fjörur og skoðað hvort einhver mengun sé sjáanleg.

Ekki eru sjáanlegt umhverfistjón en ljóst er að fylgjast þarf vel með svæðinu og kanna hvort fram komi umhverfistjón vegna þessa atburðar. Þá er ljóst að mengunarslysið hafði veruleg áhrif á íbúa á því svæði þar sem áhrif lyktarmengunar voru hvað mest, þ.e. í vesturbæ Hafnarfjarðar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd harmar það andvara- og aðgerðarleysi sem forsvarsmenn Costco Wholesale sýna við endurteknar aðvaranir frá eftirlitskerfum fyrirtækisins um að leki væri frá stöðinni og að ekki hafi verið brugðist við í tíma. Framkvæmdastjóra er falið að taka saman heildarkostnað við lekaleit og vinnu við mat á umhverfistjóni vegna atburðarins.

3.3. Loftgæðamælingar á Norðurhelli og við Dalsmára.

Teknar hafa verið saman niðurstöður mælinga á Norðurhelli í Hafnarfirði og Dalsmára í Kópavogi fyrir árið 2022 (Hermann Þórðarson) og verða þær skýrslur aðgengilegar á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins.

Veðurfar hefur mikil áhrif á mæld loftgæði. Veðrið 2022 einkenndist af töluverðum öfgum. Veturinn var illviðra- og votviðrasamur, vorið var hægviðrasamt og hlýtt en við tók fremur kalt sumar. Haustið taldist óvenju hlýtt en desember að sama skapi óvenju kaldur. Áhrif eldgosa geta haft mikil áhrif á loftgæði á meðan á þeim stendur og eftir atvikum líka í töluverðan tíma eftir að þeim slotar. Vegna ríkjandi vindátta gætti óverulegra áhrifa á höfuðborgarsvæðinu frá eldgosinu í Meradölum, sem stóð frá 3. til 22. ágúst 2022.

Helstu niðurstöður loftgæðamælinga á Norðurhelli fyrir árið 2022 voru eftirfarandi:

Svifryk: Ársmeðaltal PM₁₀ var 7,4 µg/m³ í rúmu meðallagi fyrir stöðina en PM_{2,5} 3,2 µg/m³ sem er lægsta árs gildið til þessa. Tveir dagar, 9. og 10. júní, mældust yfir heilsuverndarmörkum (50 µg/m³), en allnokkurn ryktopp gerði í hlýju hægviðri með breytilegum sunnan áttum.

Brennisteinstvíoxíð (SO₂): Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs á mælistöðinni var 1,1 µg SO₂/m³ en gildi þar eru að jafnaði ekki há og vel undir öllum viðmiðunarmörkum. Áhrif eldgossins í Meradölum voru merkjanleg en helstu uppsprettur eru þó ÍSAL og iðnaðarhverfið í Kapellu- og Helluhrauni

Brennisteinsvetni (H₂S): Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis á mælistöðinni var 1,5 µg H₂S/m³, sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H₂S/m³). Uppsprettan er að langmestu leyti jarðvarmavirkjanir á Hellisheiði og en í minna mæli á Nesjavöllum.

Nituroxíð (NO₂): Ársmeðaltal niturtvíoxíðs á mælistöðinni var 6,1 µg NO₂/m³. Styrkur niturtvíoxíðs var vel undir heilsuverndarmörkum fyrir árs-, sólarhrings- og klukkustundargildi. Meðalstyrkur nituroxíða (NO_x) rís hratt á morgnana og nær hámarki um 8-9 leytið. Meginuppspretta NO_x er bílaumferð og iðnaður í nærumhverfi og frá umferð á höfuðborgarsvæðinu úr norðri

Helstu niðurstöður loftgæðamælinga á Dalsmára fyrir árið 2022 voru eftirfarandi:

Svifryk: Tveir rykmælar voru í stöðinni á árinu. PM_{10} er mælt með leysiagnatalningu en $PM_{2,5}$ bæði með leysiagnatalningu og með betagreiningu. Niðurstöður eru hliðstæðar en ekki eins.

Ársmeðaltal svifryks PM_{10} var $11,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (leysiagnat.), en $PM_{2,5}$ $4,0 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (betagr.) og $3,7 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (leysiagnat.).

Hæsta meðalgildi dags mælt með betagr. var $PM_{2,5}$ $22 \mu\text{g}/\text{m}^3$ þ. 7.2. Hæsta stundargildi $PM_{2,5}$ $129 \mu\text{g}/\text{m}^3$, mældist kl. 23 á gamlárskvöld. Alls mældust 7 stundir af $PM_{2,5}$ yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ og telst það með minnsta móti í stöðinni.

Hæsta PM_{10} dagsgildið mælt með leysiagnat. mældist $94 \mu\text{g}/\text{m}^3$ þ. 29.8. Fjórir dagar voru yfir sólarhringsheilsuverndarmörkum PM_{10} ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$), sem er innan leyfilegs fjölda (7 dagar) frávíka. Hæsta PM_{10} stundargildið mældist $786 \mu\text{g}/\text{m}^3$ þ. 3.1. kl. 15 í mjög skammvinnu ryktoppi. Hæsta $PM_{2,5}$ dagsgildið var $27 \mu\text{g}/\text{m}^3$ þ. 29.8 og hæsta stundargildi $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ þann sama dag skv. þessari mæliaðferð.

Brennisteinstvíoxíð (SO_2): Í Dalsmára eru helstu uppsprettur SO_2 frá umferð, mest frá Reykjanesbraut til austurs og í minna mæli Hafnarfjarðarvegi til vesturs ásamt álveri í Straumsvík auk umferðar í nærumhverfi. Áhrif frá eldgosinu í Meradölum voru í heildina lítil en merkjanleg. Ársmeðaltal SO_2 var $1,1 \mu\text{g } SO_2/\text{m}^3$ og telst í hærra lagi þó það sé vel undir viðmiðunargildum. Hæsta meðaltal dags $22 \mu\text{g } SO_2/\text{m}^3$ var þ. 13.8. reyndist langt undir heilsuverndarmörkum ($125 \mu\text{g}/\text{m}^3$) og má líklega rekja til gossins í Meradölum. Hæsta meðaltal klukkustundar var $197 \mu\text{g } SO_2/\text{m}^3$ þann 13.8 var vel undir heilsuverndarmörkum ($350 \mu\text{g}/\text{m}^3$)

Brennisteinsvetni (H_2S): Ársmeðaltal loftkennds H_2S á mælistöðinni var $2,6 \mu\text{g } H_2S/\text{m}^3$, sem er undir ársheilsuverndarmörkum ($5 \mu\text{g } H_2S/\text{m}^3$). Niðurstaðan er áþekk 2017 og 2018 en með hærra móti á stöðinni. Uppruni H_2S er að langmestu leyti jarðhitasvæðin á Hellisheiði og Hengilssvæðinu og koma hæstu styrkir fram í austanáttum,

Nituroxíð (NO_2): Ársmeðaltal niturtvíoxíðs á mælistöðinni var $9,7 \mu\text{g } NO_2/\text{m}^3$ sem er í meðallagi fyrir stöðina. meginuppspretta NO_x er bílaumferð og var mengunin með mesta móti síðasta hluta ársins í mikilli kuldatíð. Meðaltal nituroxíða í einum mánuði hefur aldrei mælst jafnhátt og í desember. Hæsta meðaltal dags mældist $77 \mu\text{g } NO_2/\text{m}^3$ sem er rétt yfir heilsuverndarmörkum fyrir sólarhring ($75 \mu\text{g}/\text{m}^3$).

Ársmeðaltal nituroxíða (NO_x) á mælistöðinni var $13,9 \mu\text{g } NO_x/\text{m}^3$, sem telst í meðallagi fyrir stöðina. Meðaltal ársins er vel undir gróðurverndarmörkum ($30 \mu\text{g}/\text{m}^3$). Hæsta meðaltal dags mældist $143 \mu\text{g } NO_x/\text{m}^3$ þ. 30.12. Hæsta meðaltal klukkustundar var $445 \mu\text{g } NO_x/\text{m}^3$ þ. 3.2. að morgni til í hægum norðaustan andvara og töluverðu frosti.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd þakkar framlagðar skýrslur.

4. Starfsleyfi og umsagnir

4.1. Jarðboranir í Þormóðsdal, Mosfellsbæ.

Á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins dags. 15. febrúar var tekin fyrir umsókn Iceland Resources ehf. um útgáfu á starfsleyfi fyrir jarðborunum í Þormóðsdals, Mosfellsbæ. Um er að ræða starfsleyfi með léttum beltabor þar sem rannsaka á hvort hægt er að vinna málma í berggrunnum.

Drög að starfsleyfi var auglýst í samræmi við ákvæði laga dags. 18. nóvember 2022 og var veittur frestur til 18. desember til að gera athugasemdir við starfsleyfið. Athugasemdir bárust frá Skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 15. desember 2022, þar sem Mosfellsbær leggst gegn útgáfu starfsleyfis á þeim forsendum að ekki liggi fyrir neinar heimildir til efnistöku eða verulegs jarðrasks á svæðinu.

Í framhaldi af andmælum Mosfellsbæjar var jafnframt haft samband við landeigendur á svæðinu sem leggjast alfarið gegn þeim áformum að gefið verði út starfsleyfi til jarðboranna á landi þeirra. Með bréfi dags. 1. febrúar 2023, tilkynnir Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir forsvarsmaður Iceland Resources ehf. að fyrirtækið líti svo á að rannsóknarstarfsemi falli ekki undir lög nr. 7/1998 sbr. 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og því ekki leyfisskyldar.

Í samræmi við samþykktir heilbrigðiseftirlits fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, ákvæði 6.1.1. um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra var ákveðið í samráði við formann nefndarinnar, að hafna umsókn fyrirtækisins um starfsleyfi á grundvelli þeirra athugasemda sem fram hafa komið við starfsleyfisútgáfuna og umsækjanda bent á að afla samþykkis landeiganda og skipulagsyfirvalda í Mosfellsbæ.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir afgreiðslu framkvæmdastjóra um að hafna útgáfu starfsleyfis.


Linda Hrönn Þórsdóttir


Gnýr Guðmundsson


Bjarni Ingimarsson


Svanur Karl Grjetarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 8. febrúar 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.2. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Fannars Óla Ólafssonar f.h. Sýra ehf., kt. 711022-0230 dags. 07.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. .07.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

4.3. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Ingeborg Andersen kt. 120996-2319 dags. 14.06.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.4. Kaplakriki, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 04.03.2023 frá kl. 19:00-02:00 í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.5. Hlégarður, Mosfellsbær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þorsteins Ólafssonar kt. 280368-4909 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu Lionsklúbbs Mosfellsbæjar þann 17.02.2023 frá kl. 19:00-00:00 í Hlégarði Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 120 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.6. Gróttu, Seltjarnarnes

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Arnar Elíasar Guðmundssonar kt. 040976-5159 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir tónleika þann 11.03.2023 til 12.03.2023 frá kl. 13.00 -17:00 í Gróttu Seltjarnarnesi. Áætlaður gestafjöldi 60 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.7 Dalshraun 16, Hafnarfjörður – Dekkjaverkstæði

Lögð fram umsókn Valdimars Sigurjónssonar f.h. Dekkjasölunnar ehf., kt. 6504062490, dags. 26.01.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir dekkjaverkstæði og lager að Dalshrauni 16, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074352 - F2074353 - F2233732. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.08.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.8. Hlíðasmári 17, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Daða Hrafnkelssonar f.h. Tannlæknastofa Daða ehf., kt.480605-0120, dags. 02.02.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Fasteignanr. F2362437. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.06.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 15. febrúar 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.9. Urriðaholtsstræti 18, Garðabær– snyrtistofa-húðrof

Lögð fram umsókn Vilhelm H. Svansson f.h. Snyrtistofan Rúnir ehf., kt. 670422-2240, dags. 14.02.2023 þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi, snyrtingu með húðrofi, að Urriðaholtsstræti 2-4, Garðabæ. Breyting á starfsemi. Fasteignanr.F2501430. Eftirlitsskýrsla dags. 15.02.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.10. *Móhella 7C, Hafnarfjörður– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Kolbeins Gunnarssonar f.h. Dufland ehf., kt. 410819-0900, dags. 04.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Móhelli 7C, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2517941. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.01.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.11. *Hamraborg 10, Kópavogur – dýralæknþjónusta*

Lögð fram umsókn Guðjóns Sigurðssonar, f.h. Dýralæknþjónusta Kópavogs ehf., kt. 431122-0570, dags. 09.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dýralæknþjónustu að Hamraborg 10, Kópavogi. Fasteignanr. F2221379. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.02.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.12. *Nýbýlavegur 12, Kópavogur – kaffihús*

Lögð fram umsókn Ingibjargar Ásbjörnsdóttur f.h. Brauð & Co. kt. 620615-1370 dags. 26.01.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús að Nýbýlavegi 12, Kópavogi. Fasteignanr. F2064400. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.13. *Þormóðsdalur, Mosfellsbær – jarðboranir*

Lögð fram umsókn Iceland Resources ehf. kt. 530706-2220, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rannsóknarboranir, sýnatöku í Þormóðsdal, Mosfellsbæ. Um er að ræða framhald af rannsóknum sem unnar voru árið 2021 og 2022. Drög að starfsleyfi var auglýst í samræmi við ákvæði laga dags. 18. nóvember 2022 og var veittur frestur til 18. desember til að gera athugasemdir við starfsleyfið. Athugasemdir bárust frá Skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 15. desember 2022, þar sem Mosfellsbær leggst gegn útgáfu starfsleyfis á þeim forsendum að ekki liggi fyrir neinar heimildir til efnistöku eða verulegs jarðrasks á svæðinu.

Með vísun til athugasemda sem fram komu frá Mosfellsbæ og athugasemda frá landeigendum á svæðinu er starfsleyfisumsókn hafnað.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 22. febrúar 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.14. *Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Elvu Rún Valgeirsdóttur, f.h. Tantastic.is., kt. 280496-2199, dags. 08.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2223440. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.21.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

4.15. *Selhella 13, Hafnarfirði – blönduð heildverslun*

Lögð fram umsókn Sigurðar R. Guðmundssonar f.h. Kerfi fyrirtækjapjónusta ehf., kt. 541210-0400, dags. 17.08.2022, þar sem sótt er um endurnýjun starfsleyfis fyrir blandaða starfsemi að Selhelli 13 í Hafnarfirði. Fasteignanr. F2306815. Eftirlitsskýrsla dags. 22.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.16. *Hafnarbraut 9, Kópavogur – heilsurækt*

Lögð fram umsókn Indiönu Nönnu Jóhannsdóttur, f.h. GOMove Iceland., kt. 641022-0120, dags. 14.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heilsurækt með takmörkuðu umfangi að Hafnarbraut 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2363688. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.02.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.17. *Smiðjuvegur 38, Kópavogur – Bifreiða- og vélaverkstæði*

Lögð fram umsókn Dovydas kt. 280596-3539, f.h. Autostart ehf., kt. 640522-1190, dags. 22.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiða-og vélaverkstæði að Smiðjuvegi 38, Kópavogi. Fasteignanr. F235-5453. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.11.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.18. *Hraunhólar 4a, Garðabær - rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Cozy apartment in lava surroundings., kt. 560816-1030 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II G að Hraunhólum 4a, Garðabæ. fnr.F207-0632.

Neikvæð umsögn, þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

4.19. *Smyrlahraun 6, Hafnarfjörður - rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Maríu Rebekku Ólafsdóttur, kt. 090658-4339 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II G að Smyrlahrauni 6, Hafnarfirði. fnr.F2079080.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2022.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 24.03.2019.

4.20. Íþróttamiðstöðin Varmá, Mosfellsbær – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Aftureldingar kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 11.03.2023 frá kl. 19:00 - 02:00 í íþróttahúsinu Varmá, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 400 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.21. Iðnbúð 2, Garðabær – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Kjartans Guðfinns Björgvinssonar f.h. Jad Mar ehf., kt. 691122-0690, dags. 12.12.2022 þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Iðnbúð 2, Garðabæ. Ný starfsemi./Eigendaskipti Fasteignanr. F2070949. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.22. Hringhella 4, Hafnarfjörður – bifreiða og vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Smára Hólm f.h. Hjá Smára Hólmi ehf., kt.640815-0270, dags. 02.02.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Hringhelli 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2255244. Breyting á rekstraraðila. Eftirlitsskýrsla dags.22.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.23. Auðbrekka 17, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Björns Bergmann, f.h. Bílvogur ehf., kt. 621286-1379, dags. 19.01.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Auðbrekku 17, Kópavogi. Fasteignanr. F2058764 og F2058765. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 22.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 1. mars 2023.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.24. Hafnargata 1, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Benedikts Snæ Magnússonar, f.h. Fiskmarkaður Norðurlands ehf., kt. 530594-2979, dags. 30.01.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fiskmarkað að Hafnargötu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2515254. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.2.2023


Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Bjarni Ingimarsson



Svanur Karl Grjetarsson



Hannes Tryggvi Hafstein